

Mál nr. 189/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Aftanákeyrsla.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. júlí 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Blesugróf þann 28. maí 2022 milli bifhjólsins A, sem M ók og bifreiðarinnar B. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var báðum ökutækjunum ekið á hægri akrein Reykjanesbrautar til norður, bifreiðin B á undan bifhjólinu A, er bifreiðin B þurfti að hemla skyndilega vegna skóflu sem skaust yfir á hægri akreinina undan bifreið sem ekið var eftir miðakrein Reykjanesbrautar. Kveðst M í framburði sínum hjá lögreglu ekki hafa haft mikinn tíma til þess að bregðast við og tekið í bremsurnar og runnið á hliðina með þeim afleiðingum að A rann aftan á B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og sig ekki bera ábyrgð á tjoninu þar sem hann hafi ekki getað forðað árekstri. Árekstur hafi verið óumflýjanlegur enda hafi B stöðvast á akreininni af ófyrirsjáanlegum orsökum og án sjáanlegs aðdraganda. Í bréfi V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið skili ekki inn frekari greinargerð vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögreglu ók M aftan á bifreiðina B sem hafði stöðvað skyndilega vegna skóflu sem skaust undan bifreið sem ekið var á miðakrein Reykjanesbrautar. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það hvernig skóflan komst upprunalega á veginn eða undan hvaða bifreið hún skaust. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Þessu gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir